

168 fangahúsinu dag og nótt, þegar fangar eru í því, og er jeg fús á að leggja það til við
 2. des. ráðgjafann, að reynt verði að útvega fje það, sem með þarf til þessa, með fjárlögum fyrir árin 1884 og 1885, en eins og yður, herra amtmaður er kunnugt, er engin heimild til þessara útgjalda í fjárlögum þeim, er alþingi hefir samþykkt fyrir árin 1882—83. Þar á móti samþykkjast hér með tillögur yðar um, að daglaun fangavardarins verði hækkuð — sje það nauðsynlegt til þess að geta fengið áreiðanlegan mann — upp í 3 kr. 50 a. á tímabilinu frá 15. apríl til 15. oktbr. ár hvert, og upp í 1 kr. 75 a. um hinn tíma ársins með því skilyrði, að fangavörðurinn þá skuli dvelja í fangahúsinu stöðugt, á meðan að nokkur fangi situr þar.

169 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um
 12. des. greptrun mannsbeina, er fundizt höfðu á afrjetti. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um áfryjun hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi á úrskurði yðar frá 10. maí þ. á., er skyldar tjeðan hrepp til að borga kostnaðinn við greptrun mannsbeina nokkurra, er veturinn 1879—80 fundust á fjallinu fyrir ofan Litlaland í Ölvesi, voru flutt þangað og síðar jörðuð við Hjallakirkju, vil jeg tjá yður það, er nú segir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Ölveshreppur fer því fram, að mannsbein þessi hafi fundizt nálægt Grindaskarðsveginum í afrjettarlandi Selvogshrepps; en þessu hefir hreppsnefndin í Selvogshreppi ekki viljað vera samþykk, og hefir sýslumaðurinn í Árnessýslu tekið fram, að þó beinin kynni að hafa fundizt nálægt Grindaskarðavegi, sje ekki þar með sagt, að það sje í Selvogslandi, heldur geti það eins vel verið í Ölveshreppi eða jafnvel í landi Gullbringusýslu. Þar sem þannig ekkert annað er áreiðanlega víst um mannsbein þau, er hér ræðir um, en að þau hafa verið grafin frá bæ í Ölveshreppi, og þar sem greptrunin fór fram án allrar tilhlutunar af hálfu Selvogshrepps, getur sem stendur ekki komið til tals, að kostnaður sá, er hér ræðir um, verði greiddur af öðrum en Ölveshreppi; en vitaskuld er, að hreppur þessi á tilkall til endurgjalds frá framfærslusveit hins framliðna, verði það sannað á fullnægjandi hátt, hver hún hafi verið.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, skal úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, hafið lagt á þetta mál, óraskaður standa.

170 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
 19. des. flutning úr framfærslusveit og ólöglega húsmennsku. — Eptir að Jónas nokkur Jakobsson hafði í 7 ár búið í Helgastaðahreppi, varð hann jarðnæðislaus í fardögum 1867. Með því að hann var sveitlægur í næsta hreppi, Ljósavatnshreppi, þar sem hann var fæddur, fór hann með konu sína og barn til hreppstjóranna þar og voru jafnframt eigur hans með tilstyrk sveitarmanna úr Helgastaðahreppi fluttar vestur að Skjálfandafljóti, sem er á takmörkunum milli Helgastaða og Ljósavatnshreppa. Hjá hreppstjórnunum í Ljósavatnshreppi dvaldi Jónas að eins 1½ viku, og kom þá sveitarstjórnin honum fyrir í húsmennsku á bönum Ingjaldsstöðum í Helgastaðahrepp að fornspurðri sveitarstjórninni þar. Út af þessu var Jónas kærður um brot gegn 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 eða um ólöglega húsmennsku, en þó brot þetta væri nægilega sannað með rjettarprófi, var ekki höfðað mál út af því, og vorið 1868 fjeck Jónas aptur húsnæði í Helgastaðahreppi, og bjó þar, þangað til hann á útmánuðum 1872 beiddist sveitarstyrks, og

fjekk úr sveitarsjóði Helgastaðahrepps 1 tunnu af kornmat að andvirði 10 rdl. 36 sk., 170
er þessi hreppur þar eptir með brjefi til sýslumannsins frá 30. marz 1872 heimtaði 19. des.
endurgoldinn frá Ljósavatnshreppi. Hinn síðarnefndi hreppur neitaði þessu, en 29. febr.
1879 var hann með úrskurði sýslumannsins í Þingeyjarsýslu skyldaður til að borga
nefnda upphæð. Þessum úrskurði áfryjaði Ljósavatnshreppur til amtmanns, er 30. apríl
f. á. úrskurðaði, að Jónas hefði, þegar hann þáði sveitarstýrkinn á útmánuðunum 1872,
verið búinn að ávinna sjer sveit í Helgastaðahreppi, og hefir þessum úrskurði nú verið
skotið hingað með brjefi, er jeg meðtók 31. ágúst þ. á., og sem þjer, herra amtmaður,
síðar hafið sagt um álit yðar.

Hvor um sig af hreppsnefndum þeim, er hjer eiga í hlut, hefir brigzlað hinni
um brögð og vjelræði, en hvorki hefir það tekizt Ljósavatnshreppstjórn að sanna, að
dvalarhreppurinn hafi beitt ofríki eða annari ólögmati aðferð til að fá Jónas til vorið
1867 að fara um stund úr þessum hreppi, nje hins vegar Helgastaðahreppstjórn að
sanna, að fœðingarhreppur Jónasar hafi lagt honum styrk á laun við dvalarhreppinn.

Fyrsta spurningin í þessu máli er, hvort dvöl Jónasar í Helgastaðahreppi hafi
slitnað í fardögum 1867, þegar hann leitaði hœlis til hreppstjórnanna í Ljósavatnshreppi,
og er úrskurður sýslumannsins byggður á því álitu, að svo hafi verið, en amtmaður áleit
aptur á móti, að þessi ferð yrði ekki skoðuð sem bústaðaskipti, en að eins sem kynnisför,
til að útvega sjer nýtt heimili. Jeg hefði nú getað aðhyllzt hina síðarnefndu skoðun,
ef Jónas hefði farið slíka ferð, áður en hann var búinn að yfirgefa eldra heimili sitt,
en þegar þess er gætt, að Jónas, þegar hann fór frá jörð þeirri, er hann hafði búið á
þangað til í fardögum 1867, hafði ekki útvegað neinn nýjan samastað handa sjer og
hyski sínu, og því varð, eins og hreppsnefndin í Ljósavatnshreppi sjálf kemst að orði,
«að flýja á náðir hennar», og að síðan leið heilt ár, fyr en hann óðlaðist lögheimili, —
og er jeg amtmanni samdóma um, að dvöl hans fardagaárið 1867—1868 í Helgastaða-
hreppi hafi verið ólögleg, — fæ jeg ekki sjeð, að dvöl Jónasar frá 1860—1872 í Helga-
staðahreppi verði talin samfleytt eða þess eðlis, að hann hafi getað með henni áunnið sjer
framförzslusveit. Dvölin hefir slitnað við ferð Jónasar til hreppstjórnanna í Ljósavatns-
hreppi í sambandi við þá ráðstöfun, sem þeir þar eptir gjörðu, og getur því ekki komið
til tals í þessu máli, að telja saman, eins og gjört er í hinum áfryjaða amtsúrskurði,
tíma þann, er hann dvaldi í Helgastaðahreppi, áður en hann settist að þar í ólöglegri
húsmennsku, við tíma þann, er hann síðan dvaldi í hreppnum, eptir að hafa fengið þar
jarðnæði á ný.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, ber hreppsnefnd Ljósavatnshrepps að
endurgjalda hreppsnefnd Helgastaðahrepps sveitarstyrk þann, er hjer ræðir um, með
20 kr. 75 a., og er þetta tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar
og ráðstafanar.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir uorður- og áusturumdæminu um 171
samning kjörskráa. — Í brjefi frá 26. oktbr. þ. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt 20. des.
mjer frá, að kjörskrárnar frá Akureyrar kaupstað og allflestum hreppum í Eyjafjarðar-
sýslu hafi ekki verið samdar og leiðrjettar á lögskipaðan hátt, og hafið þjer jafnframt
lagt það til, að lögsókn gegn hlutaðeigandi hreppsnefndum og bœjarstjórn samkvæmt
15. grein kosningarlaganna frá 14. septbr. 1877 (A. 16.) megi falla niður í þetta skipti,
og að það megi sitja við, að sveitar- og bœjarstjórnir þær, er vanrækt hafa skyldur

Hinn 30. desember 1881.